

## **Foreldrafundur 18 maí 2010**

Fundur hefst 20:00

Úr stjórn mættir:

Lóa Björk Óskarsdóttir

Hildur Jónsdóttir

Helga Sif

Þóra Þorsteinsdóttir

Ingólfur Hjálmarsson

Sveinn Ásgeir Jónsson

**Efni fundar:** 1. Bréf frá verkefnastjóra félagslegra úrræða í Árborg 2. Vorhátíð 3. Annað

1. **Bréf frá verkefnastjóra Árborgar.** Það kom bréf frá Guðlaugu Jónu Hilmarsdóttir verkefnastjóra félagslegra úrræða í Árborg. Hún var með þá hugmynd að tenglar allra bekkja í Árborg sæu um að skipuleggja sameignlegan hitting hjá árgöngum og gera eitthvað saman. Þetta var rætt og ákveðið að senda Guðlaugu bréf um að við hefðum kannski áhuga næsta haust, Lóa ætlaði að senda henni fyrirspurn um hvað hún væri nákvæmlega að hugsa um.
2. **Vorhátíð** Lóa hitti kennara í síðustu viku á kennarafundi þar sem vorhátíð var rædd. Og að flestu leiti voru allir sáttir við fyrirkomulagið. Einhverjar umræður spunnust um vorsýninguna. Verkgreina kennarar verða að öllum líkindum með sýningu í nýja húsnæðinu. Harpa ætlaði að ath. Hvort ekki væri hægt að fá afnot af nýja húsnæðinu. Ákveðið var að veita pulsir+svala+muffins+kaffi en sem einhverskonar pakka 1 á mann (ekki að hægt sé að fá sér oft eins og í fyrra). Sveinn ætlar að sjá um veitingarnar sjá um allt skipulag og fá 9 bekkinn í lið með sér. Mikilvægt er að skipuleggja afgreiðsluna vel og setja 9 bekkinn vel inn í starfið. 9 bekkur mun líka sjá um andlitsmálingu.

Vorhátíðin verður 2 júní frá kl. 10:00 – 12:00

Ákveðið var að hafa 10 stöðvar eins og í fyrra

**1. Töframaður. Þarf engann aðstoðarmann**

**2. Listahópur (ath hvort myndmenntakennari sé tilbúin til þess að gera eitt verk með öllum nemendum skólans fyrir nýja skólann. Myndmenntakennarinn var að hugsa um að gera verk sem samanstendur af handaförum allra á vorhátíðinni. (ath vantar aðstoðarmenn )**

**3. Kríta á stétt. Að það verið skipulögð mynd á stéttinni og allir þurfi að fylla í ákveðna reiti til þess að myndin geti orðið. Hildur tekur verkið að sér. (sápukúlur fyrir litlu krakkana og til að klára tímann)**

**4. Þrautabraut. Umsjónarmaður: Ingólfur**

**5. Sígvélakast. Vantar starfsmann!!**

**6. Hringleikir. Umsjónamaður: Ása Berglind**

**7. Fótbolti. vantar!**

**8. Bandí. Umsjónarmaður: Íþróttakennarinn**

**9. Boðhlaup (fjölþrautir).T.d. Hjólboruhlaup, pokahlaup, negla nagla og svo til baka, hlaupa í kringum heyhvísl nokkra hringi og svo til baka. Umsjónamaður: Haukur hennar Helgu**

**10. Skilti þar sem hægt er að stinga hausnum inn í og láta taka af sér mynd. Ingólfur er búin að finna skilti sem hægt er að mála öðru megin og ætla Hildur og Þóra að taka það að sér að mála mynd á skiltið. Umsjónamaður: Þóra.**

Lísa passar upp á tímann hann og hefur Gjallhorn og flautu til að geta tilkynnt skipti. Lísa og Lóa munu opna hátíðina og útskýra fyrirkomulag hennar.

Lóa mun vera á röltinu og fylgjast hvernig gengur á stöðvunum og taka myndir af hátíðinni.

Helga Sif hefur tekið að sér að hafa samband við tengla skólans finna umsjónarmenn fyrir stígvélakast og fótbolta. Hildur ætlar að semja tölvupóst fyrir Helgu sem hún getur síðan sent á alla tengla. Hugmyndir komu upp að hafa samband við Jónu Valdísi og Magnús Mátsson (hann sá um fótboltann í fyrra). Einnig þurfa tenglar hvers bekks að baka 25 muffins til að nóg sé af þeim á hátíðinni 4 tenglar eru þegar komnir með verkefni þar sem þeir eru í stjórn foreldrafélagsins.

**3. Annað:** Ingólfur ræddi um Eldsmiðjuna sem Ragnar smíðakennari fór á stað með í vetur. Ingólfur hefur unnið náíð með Ragnari. Ingólfur gekk í það að láta smíða afl hjá Blikk ehf. Sem kostaði 5.000 kr. Krakkarnir voru að vinna í eldsmiðjuðinni á þemadögunum þetta hefur gengið vel og mun halda áfram á næsta ári. Það er þó ljós að við foreldrar þurfum að vera til taks því þetta er ekki hægt fyrir Ragnar einan. Allir voru jákvæðir gagnvart því að foreldrar kæmu og aðstoðuð kennara við sérstök verkefni

Einngi var rætt um að fá Blátt áfram í heimsókn næsta haust.

Fundi slitið kl:10:00